



## Reglur um akstursþjónustu fatlaðra barna á leik- og grunnskólastigi

### 1. gr. Markmið

Markmið Kópavogsbæjar er að veita góða og örugga akstursþjónustu fyrir börn sem eiga rétt á akstri í grunnskóla, frístund, þjálfun, tómstundaiðkun og á skipulögð námskeið yfir sumarið.

### 2. gr. Notendur þjónustunnar

Akstursþjónusta á grundvelli reglnanna er ætluð fyrir börn sem

- eiga lögheimili eða skráð aðsetur í Kópavogi,
- uppfylla það skilyrði að fötlun þeirra falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og
- geta ekki, sökum fötlunar sinnar nýtt sér almenningsamgöngur.

### 3. gr. Akstur barna í grunnskólum

Foreldrar grunnskólabarna geta sótt um akstur til og frá skóla, í tómstundaúrræði utan skólans, í tal-, sjúkra- og iðjuþjálfun á skólatíma og á námskeið yfir sumarið.

### 4. gr. Akstur barna í þjálfun frá leikskólum

Foreldrar leikskólabarna geta sótt um akstur og fylgd stuðningsaðila í tal-, sjúkra- og iðjuþjálfun meðan á leikskóladvöl stendur fyrir allt að helmingi ferða. Áhersla er lögð á samvinnu leikskóla og foreldra barns um ferðir í þjálfun.

### 5. gr. Umsóknarferli og úthlutun

Foreldrar barns sækja um akstur á þar til gerðu eyðublaði í þjónustugátt á [heimasíðu Kópavogsbæjar](#).

Menntasvið afgreiðir umsóknina og skráir barnið í aksturskerfið. Send er staðfesting á afgreiðslu umsóknar til foreldra inn á þjónustugátt eigi síðar en 3 dögum eftir að umsókn berst. Foreldrar sjá um útfærslu á akstri barnsins í samvinnu við akstursaðila.

Ef óskað er eftir viðbót á samþykktum akstri skal sækja sérstaklega um það á fyrrgreindu eyðublaði inn í þjónustugátt á [heimasíðu Kópavogsbæjar](#).

Foreldrum ber að tilkynna með tölvupósti á eftirfarandi netfang akstur.menntasvið@kopavogur.is um allar breytingar sem verða á höfum barns og snerta þessa þjónustu s.s. flutningur í annað sveitarfélag.

## 6. gr. Framkvæmd

Þegar umsókn hefur verið samþykkt þarf foreldri að hafa samband við akstursaðila og veita nánari upplýsingar um tímasetningu og skipulagningu ferða. Samskipti við akstursaðila er á ábyrgð foreldra svo sem breytingar á tímasetningum og tilkynningar um veikindi.

Ef barn þarfnast fylgdar skal það sérstaklega tekið fram í umsókn. Starfsmenn menntasviðs sjá um að ráða starfsmann til fylgdar í samráði við skóla barnsins og foreldrar. Ef óskað er breytinga á fylgd í akstri skal senda tölvupóst á menntasvið á eftirfarandi netfang [akstur.menntasvið@kopavogur.is](mailto:akstur.menntasvið@kopavogur.is)

## 7. gr. Öryggismál og tengd atriði

Akstursþjónustan er í höndum akstursaðila sem sinnir þjónustu samkvæmt samningi við Kópavogsbæ. Allur bílakostur er útbúinn samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja og er öryggisprófaður.

Akstursaðili Kópavogsbæjar tekur á sig ábyrgð á ráðningu bifreiðastjóra og að starfsmenn séu með fullgild ökuréttindi, aukin ökuréttindi og hafi sótt skyndihjálparnámskeið.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar þjónustu fyrir fatlað fólk sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við afgreiðslu umsóknar um starf bifreiðastjóra skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild ráðningaraðila til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um leikskóla og 3. mgr. 11. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Atvikaskrá ber að gera hjá báðum aðilum, menntasvið Kópavogsbæjar sem hefur umsjón með akstursþjónustunni og akstursaðila sem er verktaki. Þar ber að skrá atvik og kvartanir sem upp kunna að koma og vinna að úrlausn með aðilum.

## 8. gr. Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið pósthöfð áður en fresturinn er liðinn.

## 9. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 10. gr. Gildistaka

Reglur þessar eru settar skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Samþykkt í Menntaráði 3. febrúar 2021,  
Leikskólanefnd 15. febrúar 2021 og  
Notendaráði í málefnum fatlaðs fólks 17. mars 2021